

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – 127. fundur 20. júlí 2010, kl 12:05.

Mætt: Elliði Vignisson, Þorsteinn Finnbogason, Helga Björk Ólafsdóttir, Gunnlaugur Grettisson, Ólafur Elísson, Hafsteinn Gunnarsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Formaður setti fund og fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

1. Skólastarfið: Skólameistari fór yfir starfið eftir páskahefningu, sem var hefningu. Tveir kennarar fóru með 20 nemenda hóp í nemendaskiptaferð til Eskilstuna í Svíþjóð og gekk það vel, en heimför þeirra seinkaði þó um tvo daga vegna eldgosins í Eyjafjallajökli. Dimmission var 30. apríl og gekk ágætlega, en próf hófust svo 5. maí. Prófsýning og einkunnaafhending var 21. maí. Skólaslit og útskrift voru laugardaginn 22. maí, þá luku prófi 8 húsasmiðir, einn vélstjóri af öðru stigi og 18 stúdentar. Áður var búið að útskrifa 30 nemendur úr smáskipanámi (12 metra réttindi) sem haldið var í samvinnu við Visku-símenntunarstöð, en það nám kemur nú í stað 30 tonna réttinda (pungaprófið). Eftir skólaslit voru svo útskrifaðir 11 nemendur úr vélgæslunámi fyrir smábáta. Á vormánuðum fór af stað raunfærnimat fyrir þá sem unnið hafa störf tengd vélstjórn og fóru 9 menn í þetta mat. Einingar sem fást út úr matinu flýta fyrir í vélstjórnarnáminu. Raunfærnimatið var undirbúið af Framhaldsskólanum, Visku og Iðunni í Reykjavík, með stuðningi styrks sem veittur var í svonefndum mótvægisáðgerðum vegna aflasamdráttar. Í apríl og júní sótti skólameistari tvo samráðsfundi sem menntamálaráðuneytið boðaði til. Þar var helst til umræðu aðgerðir til hagræðingar í rekstri (niðurskurður) og skólasamningagerð. Skólasamningar eru nú tilbúnir og bíða undirritunar ráðherra.

2. Ráðningar kennara: Aldís Gunnarsdóttir óskar eftir launalausni leyfi í eitt ár og var það samþykkt. Sigurður Vilhelmsson snýr aftur til starfa eftir að hafa setið á skólabeck og náð sér í kennsluréttindi. Skólanefnd hafði fyrir ári síðan samþykkt að Sigurður hefði forgang að starfinu eftir að hafa fengið réttindi, þannig að ráðning hans í náttúrufræðigreinar var samþykkt. Auglýstar voru stöður þriggja verknámskennara (Gísli Eiríks, Guðjón Jónsson og Þorbjörn Númason), sem allir eru leiðbeinendur og óska endurráðningar, en auk þess barst ein ný umsókn, frá Brynjari Kristjánssyni. Hann sækist eftir starfi Þorbjarnar. Auglýst var eftir kennara í rennismíði og mámsuðu. Brynjar er stálskipasmiður og framreiðslumaður, búinn að ljúka kennsluréttindanámi, en hefur ekki útgefið leyfisbréf. Ákveðið var að ráða Þorbjörn áfram, því að hann er með meistarapróf í rennismíði og er í uppeldis og kennslufræðinámi. Skólastjórnendur og skólanefnd hafa allt frá árinu 2004 sett pressu á þá leiðbeinendur sem sýnt hafa góðan árangur og áhuga til að halda áfram, um að gera það sem þarf til að ná sér í kennsluréttindi. Það var einnig gert í þessu tilfalli og viðkomandi leiðbeinandi hefur hafið kennsluréttindanámi. Þessu fyrirkomulagi hefur fylgt það vilyrði að standa við bakið á viðkomandi leiðbeinendum á meðan þeir ná sér í réttindi, svo fremi að það gangi eðlilega.

3. Önnur mál: Rætt var um stöðu og næstu skref varðandi íþróttakademíu, sem stefnt er að koma af stað á næsta vetri í samvinnu við ÍBV. Lítill tilraunahópur á haustönn, ef áhugi verður nægur.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 13:00

Ólafur H. Sigurjónsson